

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0001
SS

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu framkvæmdar við færslu Hringvegur í Mýrdal.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt, dags. 1. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar Vegagerðarinnar við færslu Hringvegur í Mýrdal.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsögn um málið á fyrri stigum m.a. um drög að matsáætlun þann 1. febrúar 2021 og um endanlega útgáfu þann 27. janúar 2022. Þá vann Náttúrufræðistofnun fyrir Vegagerðina athuganir á vettvangi er varða lykilumhverfisþætti þ.e.a.s. gróðurfar, fuglalíf og smádýralíf. Samantekt á þeirri vinnu er að finna í skýrslu sem fylgir með umhverfismatsskýrslunni. Í skýrslunni er einnig að finna álit stofnunarinnar á hver líkleg umhverfisáhrif ólíkra valkosta framkvæmdarinnar á þessa umhverfisþætti geta verið. Í þessari umsögn verður því ekki frekar vikið að mati Náttúrufræðistofnunar á þeim þáttum nema í samhengi við áætlaðar mótvægisaðgerðir Vegagerðarinnar og endanlegt álit stofnunarinnar á heildarniðurstöðu umhverfismatsins.

Aðrir umhverfisþættir sem til umfjöllunar eru í umhverfismatsskýrslunni og tengjast fagsviði Náttúrufræðistofnunar eru vatnafar, lífríki vatns og straumvatna, jarðmyndanir og landslag og ásýnd. Vikið verður að umfjöllun um þessa umhverfisþætti hér á eftir í umsögninni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingu á staðháttum, framkvæmdalýsingu, eða framsetningu á valkostum. Umfjöllunin er alla jafna ítarleg og vönduð. Jákvætt er að uppbygging vega í votlendi geri ekki ráð fyrir því að skurðir verði grafnir til að lækka grunnvatnsstöðu heldur byggður svokallaður „fljótandi vegur“. Einnig er jákvætt að ekki sé þörf á nýjum efnistökusvæðum vegna framkvæmdarinnar. Einnig er jákvætt að í umfjöllun um frágang er stefnt að því að græða upp öll sár og allt jarðrask og að sáð verði gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið. Benda má á að forðast skal að sá framandi tegundum sem geta mögulega reynst ágengar.

Umfjöllun um áhrif á vatnafar er ítarleg og ljóst að valkostir 1/1b, 2 og 3 fela í sér meira inngríp í vatnafar og krefjast meiri og flóknari mótvægisaðgerða en valkostir 4/4b þó enginn valkostur sé án áhrifa. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins fyrir umhverfisþáttinn eins og hún er framsett í kafla 11.3.

Í umfjöllun um áhrif á gróðurfar eru lagðar til mótvægisaðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Þær felast í hönnunarútfærslum en einnig í endurheimtaraðgerðum á grónum svæðum, votlendi og skóglendi. Eins og áður segir verður svokallaður „fljótandi vegur“



byggður upp þar sem óhjákvæmilegt er að leggja veginn gegnum votlendi. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við áætlaðar mótvægisáðgerðir en bendir á að skoða þarf hvort og hvernig ástæða er til að varðveita einstaklinga af friðlýstum plöntutegundum þar sem vaxtarstöðum þeirra er raskað. Náttúrufræðistofnun er sammála niðurstöðu umhverfismatsins um umhverfisþáttinn sbr. töflu í kafla 12.3 sem og um niðurstöðu um áhrif á fuglalíf (kafla 13.3) og annað lífríki (kafla 15.3).

Umfjöllun um lífríki í fersku vatni er nokkuð ítarleg og áhugavert að sjá hvernig athuganir á vettvangi hafa sýnt að nýjar tegundir sem mögulega hafa borist af manna völdum til landsins þ.e.a.s. flundra og sandskel virðast hafa haft töluverð áhrif á ferskvatnsvistkerfi Dyrhólaóssins. Tekið er undir álit Hafrannsóknarstofnunar í umsögn þeirra frá 7. desember 2023, að betra hefði verið að rannsaka betur smádýralíf í ám á áhrifasvæðinu. Umfjöllun um áhrif framkvæmdar er nátengt umfjöllun um áhrif á vatnafar almennt og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til fyrir ólíka valkosti. Stofnunin er einnig sammála niðurstöðu umhverfismatsins um áhrif á lífríki í ferskvatni sbr. töflu í kafla 14.4.

Umfjöllun um jarðminjar byggist á skýrslu um jarðfræði svæðisins sem einnig fjallar um verndargildi helstu jarðfræðifyrirkæra og verndarstöðu þeirra. Allmörg jarðfræðifyrirkæri sem eru undir verndun s.s. á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) eru innan eða í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið. Í flestum tilfellum eru áhrif framkvæmda á jarðminjar undir verndun minni háttar en ljóst að valkostir 1/1b, 2 og 3 sem gera ráð fyrir göngum gengum Reynisfjall myndu valda mestu raski á jarðminjum almennt. Valkostir 4/4b myndu þó raska fossum og flúðum ofan við byggðina í Vík sem og vera mjög nálægt vernduðum jarðminjum í Skammadalskömbum þó ólíklegt sé að þær yrðu fyrir miklu raski. Náttúrufræðistofnun er sammála niðurstöðu umhverfismatsins um umhverfisþáttinn sbr. töflu í kafla 18.3.

Umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd er ítarleg og vönduð og bæta ásýndarmyndir og sýnileikakort miklu við matið. Ljóst er að allir valkostir munu hafa umtalsverð ásýndaráhrif á tilteknum svæðum en mjög mismikil þó. Niðurstaða umhverfismatsins eins og hún er framsett í töflu í kafla 21.3 er því eðlileg en þar eru allir valkostir nema valkostur 5 metinn með talsverð eða talsverð til nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.

Vegagerðin leggur til valkost 4 eða 4b og rökstyður Vegagerðin það val sitt á þá vegu að valkostirnir uppfylli markmið framkvæmdarinnar um bætt umferðaröryggi, greiðfærni og færslu Hringvegjar út fyrir þéttbýli. Þá eru valkostirnir talsvert hagkvæmari en aðrir valkostir og hafa minni áhrif á umhverfið.

Með tilliti til þeirra atriða er varðar fagsvið Náttúrufræðistofnunar þ.e.a.s. áhrif valkosta á umhverfisþættina gróðurfar, fuglalíf, lífríki ferskvatns, annað lífríki, jarðminjar og landslag tekur Náttúrufræðistofnun undir með niðurstöðu Vegagerðarinnar um að valkostir 4 eða 4b séu umtalsvert betri en valkostir 1/1b, 2 og 3 og munar þar mestu um að hlífa Dyrhólaós og votlendissvæðum þar fyrir norðan og þeim vistgerðum, búsvæðum fugla og ferskvatnsfiska og vaxtarstöðum sjaldgæfra plantna sem þar er að finna. Valkostur 5 er þó besti valkosturinn hvað varðar áhrif á þessa umhverfisþætti að mati Náttúrufræðistofnunar þar sem áhrif á jarðminjar s.s. fossa og á landslag norðan við byggðina í Vík eru mun minni en af valkostum 4 og 4b. Þá

er valkostur 4 álitlegri en valkostur 4b með tilliti til áhrifa á votlendisvistgerðir og búsvæði fugla.

Í töflu 25.1 er samantekt um mat á öllum umhverfispáttum og valkostirnir bornir saman. Þar er mjög afgerandi ljóst að valkostir 1/1b, 2 og 3 koma verst út með tilliti til nær allra umhverfispátta og að valkostur 5 sé sá besti en þar sem samfélagsleg áhrif eru metin síðri fyrir valkost 5 en valkosti 4 og 4b hefur hann ekki orðið fyrir valinu.

Í lok umhverfismatsskýrslunnar er greint frá vöktunaráætlun í tengslum við ýmsar mótvægisáðgerðir sem eru áætlaðar. Gert er ráð fyrir samstarfi við Umhverfisstofnun varðandi vöktun á ýmsum umhverfispáttum er tengjast náttúrufari. Náttúrufræðistofnun er einnig tilbúin til áframhaldandi ráðgjafar varðandi framkvæmd vöktunaráætlunar eins og við á.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs